

## AUGLÝSING

### um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Fjarðabyggð (Eskifjörður, Neskaupstaður og Reyðarfjörður) myndi eina almannavarnanefnd, og

að Búða-, Stöðvar-, Breiðdals- og Djúpavogshreppur myndi aðra almannavarnanefnd, þannig að með þessum hætti verði starfandi í Suður-Múlasýslu tvær almannavarnanefndir sem skulu hafa með sér samstarf um almannavarnir í umdæminu.

Auðlýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. ágúst 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Botna í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 28. maí 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir 6 frítímahús að Botnum í Skaftárhreppi.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 22. ágúst 2001.*

F. h. Skaftárhrepps,

**Benedikt Lárusson** byggingafulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 3. maí og 5. júlí 2001 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.